

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F8/2025

Reykjavík, 13. febrúar 2026

Reykjavíkurborg  
Ebba Schram borgarlögmaður  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

## I

Vísað er til fyrri bréfaskipta vegna frumkvæðisathugunar umboðsmanns Alþingis í tilefni af breytingum á birtum fundargerðum Reykjavíkurborgar.

Í bréfi Reykjavíkurborgar til umboðsmanns 22. október sl. er viðurkennt að rangar upplýsingar hafi verið veittar umboðsmanni. Þar kemur samandregið fram að í fyrra svari 24. júlí sl. hafi verið að finna rangar upplýsingar um meginatriði málsins. Þannig segir að því hafi ranglega verið haldið fram í fyrri svörum til umboðsmanns að sú umsögn skipulagsfulltrúa, sem síðar var hengd við fundargerð afgreiðslufundar hans 15. maí 2025, hafi verið sú sem sannarlega hafi verið afgreidd á umræddum fundi. Hið rétta sé að umsögninni hafi verið breytt efnislega eftir samþykkt hennar á afgreiðslufundinum og við hana bætt umfram það sem teljist heimilt í formi leiðréttinga á augljósum villum, svo sem innsláttar-, starfsetningar- og staðreyndavillum, svo sem mælt sé fyrir um í verklagsreglum um fundargerðir nefnda og ráða Reykjavíkurborgar sem byggja á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, auglýsingu um leiðeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021 og samþykkt nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, með síðari breytingum. Sú umsögn sem var að endingu birt hafi þó byggt á hinni samþykktu umsögn auk þess sem efnisleg niðurstaða hennar hafi verið sú sama.

Í tilvitnuðu svari Reykjavíkurborgar kemur fram að telja verði að málsmeðferð við gerð og afgreiðslu umsagnarinnar hafi ekki verið í samræmi við lög og reglur og því pyki rétt að endurtaka afgreiðslu málsins til að tryggja lögmæti hennar. Með erindi til umboðsmanns 28. nóvember sl. upplýsti Reykjavíkurborg að á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október sl. hefði leiðrétt umsögn, dagsett 19. maí 2025, verið lögð fram og samþykkt.

Að endingu skal þess getið að í svari Reykjavíkurborgar um þann þátt fyrirspurnar umboðsmanns, sem laut að því hvort almennt tíðkaðist

að birtum fundargerðum og fylgiskjölum með þeim sé breytt, segir að slíkt sé hvorki í samræmi við reglur né tíðkist það almennt.

## II

Með vísan til framangreinds og til þess að unnt sé að varpa nánara ljósi á atvik málsins er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að Reykjavíkurborg veiti neðangreindar upplýsingar og skýringar.

1. Af svari Reykjavíkurborgar frá 22. október sl. verður ekki annað séð en að gengið sé út frá því að breytingar hafi verið gerðar á umsögn skipulagsfulltrúa eftir afgreiðslufundinn 15. maí sl. og áður en hún var send byggingarfulltrúa í lok dags 16. maí sl. Það sé sú umsögn sem síðan hafi verið birt. Af þeim gögnum sem fylgdu svarinu verður hins vegar ráðið að frekari breytingar kunni að hafa verið gerðar á umsögninni eftir það tímamark, sbr. einkum tölvupóstsamskipti frá 19. maí sl. Af þessu tilefni er óskað upplýsinga um hvort svo hafi verið, þ.e. að frekari breytingar hafi verið gerðar á umsögninni eftir 16. maí sl.
2. Í samhengi við fyrstu spurninguna hér að ofan telur umboðsmaður jafnframt rétt að draga fram að það vekur athygli að daginn eftir að umræddur afgreiðslufundur fór fram svo og nokkrum dögum síðar er í samskiptum milli starfsmanna vísað til fyrstu draga eða draga að þeirri umsögn skipulagsfulltrúa sem átti að hafa verið samþykkt á afgreiðslufundi 15. maí sl. Þá liggja ekki fyrir nein skrifleg samskipti um gerð umsagnarinnar fyrr en eftir afgreiðslufundinn, svo sem fram kemur í svari Reykjavíkurborgar til umboðsmanns 22. október sl. Þess er óskað að Reykjavíkurborg komi á framfæri frekari skýringum vegna þessa.
3. Í fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 28. október sl. þar sem leiðrétt umsögn var lögð fram og samþykkt er vísað til fundargerðar afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 11. september sl. Í síðarnefndu fundargerðinni er bókað um mistök við upphaflega birtingu umsagnarinnar en við 26. lið segir að drög að umsögn skipulagsfulltrúa hafi verið birt í stað hinnar endanlegu útgáfu sem hafi verið afgreidd á fundinum. Hinn 28. október sl. lá hins vegar fyrir að sú lýsing á atvikum málsins, sem áður hafði verið lögð til grundvallar af hálfu sveitarfélagsins og fram kemur í fundargerðinni 11. september, var röng, en engu að síður er vísað til hennar. Óskað er eftir afstöðu Reykjavíkurborgar til þessa atriðis og að upplýst verði hvort gripið hafi verið til viðbragða vegna þessa og þá hverra eða hvort slíkt standi til.
4. Við meðferð óskylds kvörtunarmáls hnaut umboðsmaður um fundargerð fundar starfsmanna umhverfis- og skipulagssviðs og aðila



viðkomandi stjórnsýslumáls. Í umræddri fundargerð frá 22. janúar 2024 segir að í kjölfar fyrirspurnar frá aðila málsins um breytingar á fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa hafi starfsmaður sveitarfélagsins gert grein fyrir því að alvanalegt væri að fundargerðum skipulagsfulltrúa væri breytt með því að afmá umfjallanir úr fundargerð. Þess er óskað að Reykjavíkurborg lýsi afstöðu sinni til þess sem fram kom í fundargerð ofangreinds fundar og hvernig það samrýmist upplýsingum sveitarfélagsins til umboðsmanns um að almennt tíðkist ekki að fundargerðum sé breytt. Telji sveitarfélagið að atvik þessa máls svo og framanlýstar vísbendingar úr óskyldri fundargerð varpi ljósi á mögulegan misbrest að þessu leyti hjá sveitarfélaginu, er þess óskað að sveitarfélagið lýsi afstöðu sinni til þess hvort tilefni sé til aðgerða af því tilefni og, ef svo er, þá hverra.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 9. mars nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir  
Skrifstofustjóri frumkvæðismála  
og OPCAT